

**Efni: Umsögn um drög að þingsályktunartillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu náttúrusvæða.**

Samál, Samtök álfrauleiðenda á Íslandi, fagna þessum áfanga í vinnu við Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði. Þessi vinna, sem hófst árið 1999, er mikilvægur liður í að auka samfélagslega sátt um vernd og nýtingu auðlinda hér á landi.

Það vekur athygli að í þingsályktunartillögunni er í mörgum tilfellum vikið frá þeirri flokkun sem fram kom í skýrslu Verkefnisstjórnar frá því í júní á þessu ári. Í skýrslunni er þeim virkjanakostum sem teknir voru til mats gefin einkunn eftir nýtingar- og verndargildi sínu. Röðun virkjanakosta í verndar-, bið- og nýtingarflokk í þingsályktunartillögunni er ekki í samræmi við þessa einkunnagjöf Verkefnisstjórnar.

Með þessu fær vinna við Rammaáætlun á sig pólitískt yfirbragð. Mikilvægt er að um þennan málaflokk náist breið sátt sem unnt sé að vinna út frá næstu árin, bæði hvað varðar verndun og nýtingu. Gert er ráð fyrir að Rammaáætlun sé endurskoðuð með reglubundnum hætti og það er því mikilvægt að unnið sé út frá faglegum sjónarmiðum í hvívetna, óháð pólitísku landslagi hverju sinni.

Virðingarfyllst,

F.h. Samáls,



---

Þorsteinn Víglundsson  
Framkvæmdastjóri Samtaka álfrauleiðenda á Íslandi